

## Samningur um tannlækningar á göngudeild THÍ

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220, annars vegar og Landspítala (LSH) og Háskóla Íslands (HÍ) hins vegar (hér eftir nefndir verksali), fyrir sjúkratryggða samkvæmt 20. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 451/2013, með síðari breytingum, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar.

### 1. gr.

#### Gildissvið

Samningur þessi nær yfir tannlækningar sem veittar eru sjúkratryggðum á göngudeild í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands.

Forsenda samnings þessa er að klíník (verkstofa) Tannlæknadeildar HÍ (THÍ) er ein göngudeilda Landspítala, sbr. gr. 7.3 í samstarfssamningi HÍ og LSH frá 3. desember 2012.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir.

Heilbrigðisvísindasvið HÍ og THÍ sjá um framkvæmd samnings þessa fyrir hönd verksala.

### 2. gr.

#### Þjónusta

Þjónusta sú sem samningur þessi tekur til er veitt á klíník THÍ. Þjónustan felst í alhliða tannlæknaþjónustu á göngudeild sem notuð er til kennslu tannlæknaema og eftir atvikum nemenda annarra heilbrigðisdeilda. Auk þess er þar sinnt sjúklingum sem vísað er beint til sérfræðinga tannlæknadeildarinnar vegna tiltekinna vandamála. Öll tannlæknaþjónusta á göngudeild skal unnin á ábyrgð og undir eftirliti tannlækna sem hafa tannlækningaleyfi á Íslandi og kenna við Tannlæknadeild.

Göngudeildin er opin virka daga frá kl. 8:00 til 16:00 að teknu tilliti til eðlilegra sumarfría.

### 3. gr.

#### Endurgjald

Endurgjald skv. samningi þessum skal vera 75% af verði sem tilgreint er í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands vegna tannlækninga, nú gjaldskrá nr. 703/2010, sbr. síðari breytingar. Endurgjald fyrir munnvatnsmælingar, sem framkvæmdar eru að beiðni SÍ, skal þó vera 100%.

67  
P.M.

Vegna þeirra barna sem falla undir samning SÍ og TFÍ um tannlækningar barna, dags. 11. apríl 2013, greiða SÍ 70% af kostnaði skv. þeim samningi, sbr. gjaldskrá sem er fylgiskjal I með samningnum.

Endurgjaldið er háð því að þjónusta samkvæmt samningi þessum, sbr. 1. gr., sé hinum sjúkratryggða að kostnaðarlausu en þó er heimilt að sjúklingar taki þátt í kostnaði við aðkeypta tannsmíðavinnu, implönt og aðföng við krónu- og brúargerð. Heimildin getur einnig átt við kostnað vegna annarra aðfanga að höfðu samráði við SÍ.

#### 4. gr.

##### Skyldur verksala

Þjónusta skv. samningi þessum skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknar skulu stunda góða viðurkennda tannlæknisfræði.

THÍ ber húsbóndaábyrgð á tannlæknum er starfa við klíníkina auk faglegrar ábyrgðar á verkum tannlækna sinna og annarra starfsmanna og ábyrgist faglega hæfni þeirra, þagnarskyldu og þjónustulipurð.

Aðferðir og endingartími efna skulu vera í samræmi við viðurkennda staðla.

Gætt skal ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Öll fagleg samskipti við sjúkratryggða sjúklinga og forráðamenn þeirra skulu skráð í sjúkraskrá í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Varðveisla og meðhöndlun sjúkraskrárupplýsinga skal samrýmast reglum Persónuverndar.

Þjónusta skv. samningi þessum skal veitt sem jafnast yfir almanaksárið.

Gæta skal ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við vísun á rannsóknir og lyf og aðra meðferð með hliðsjón af góðri viðurkenndri læknisfræði.

Tannlæknar SÍ, eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmenn SÍ, skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrár er varða þjónustu við hina sjúkratryggðu skv. samningi þessum í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Sjúklingur og/eða forráðamaður skal upplýstur um tannheilsu og raunhæfa meðferðarkosti.

#### 5. gr.

##### Reikningar

THÍ skal senda SÍ reikningsupplýsingar í samræmi við aðgerðarskrá, sbr. fylgiskjal I með samningi milli SÍ og TFÍ um rafræn samskipti og aðgerðarskrá, eða gjaldskrá, sbr. 2. mgr.

SÍ greiða THÍ í samræmi við gildandi reglugerðir á hverjum tíma og

- a) verð skv. gildandi samningi við TFÍ um barnatannlækningar eða

GS  
S. M. I.

- b) auglýstri gjaldskrá fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, nú gjaldskrá nr. 703/2010 með síðari breytingum.

Reikningar til SÍ skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á stöðluðu formi og merktir THÍ. Á þeim skal m.a. koma fram nafn, kennitala og heimili hins sjúkratryggða, hvaða dag læknisverk fór fram, hvaða tannlæknir bar ábyrgð á verkinu, hvað gert var og gjaldskrárliðir. Miða skal við reikningsform það sem almennt er í notkun við gildistöku samnings þessa og gildir gagnvart sjúkratryggðum einstaklingum. Hinn sjúkratryggði eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn.

**Rafrænar reikningsupplýsingar:** THÍ skal senda SÍ reikningsupplýsingar rafrænt. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt. Rafrænar upplýsingar skulu almennt berast SÍ samdægurs og eigi síðar en 14 dögum eftir útgáfu reiknings. SÍ skulu greiða inn á tilgreindan bankareikning verksala innan 10 virkra daga frá móttöku reikningsupplýsinga, enda geri SÍ ekki athugasemdir við þær.

**Reikningar á pappírformi:** Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er THÍ heimilt, til 1. janúar 2014, að senda reikninga á pappírformi til SÍ. Ef reikningur er sendur á pappírformi skal gjaldskrárnúmer, sbr. 2. mgr., koma fram á honum.

SÍ geta hvenær sem er óskað eftir skriflegri skýringu á reikningi og ber verksala að gefa hana. Á meðan ekki hefur fengist fullnægjandi skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

#### 6. gr.

##### Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustunnar sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna og bréfaskiptum. Verksala er skylt að veita tannlæknum eða eftir atvikum læknum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna lögboðins eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

#### 7. gr.

##### Kvartanir

Samningsaðilar geta hver um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

G  
P.M.

Leiði óhappatilvik eða mistök í meðferð sjúklings til málaferla skal farið með þau mál eins og venja er hjá stofnunum í eigu ríkisins.

**8. gr.**

**Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda**

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að verksali uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir mögulegt fjártjón. Með sama hætti skal verksala heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

**9. gr.**

**Dómsmál**

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum er unnt að leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.



**10. gr.**

**Gildistími**


Samningur þessi er gerður í framhaldi af samningi dags. 23. ágúst 2012 og er gerður með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum. Hann gildir frá og með 1. september 2013. Hvor aðili um sig getur sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Reykjavík, 22. nóvember 2013.


F.h. Sjúkratrygginga Íslands



F.h. Háskóla Íslands

  
Teitur Jónsson

F.h. Landspítala



### Sameiginleg bókun

Forgangsröðun. Á samningstímanum skulu samningsaðilar leita leiða til að ná til þeirra einstaklinga sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu með það að markmiði að veita þeim forgang að þjónustu deildarinnar. Athuga má meðal annars samstarf við skólahjúkrunarfræðinga, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu eða hjálparsamtök í þessu sambandi.

63

### Bókun verksala

Með ákvörðun stefnunefndar um að klíník tannlæknadeildar HÍ skuli vera ein göngudeilda LSH staðfestu forstjóri LSH og rektor HÍ vilja stofnananna til að efla samvinnu á sviði tannlækninga og efla tannlækningar sem þjónustu innan LSH, sbr. samstarfssamning HÍ og LSH frá 3. desember 2012. Samhliða samningi þessum setja heilbrigðisvísindasvið HÍ og LSH á stofn fjögurra manna fagråd skipað forseta tannlæknadeildar, auk annars fulltrúa tannlæknadeildar, og yfirlækni háls-, nef- og eyrnalækninga á LSH, auk annars fulltrúa LSH. Formaður ráðsins skal vera fulltrúi LSH.

Fagráðið skal fjalla um áframhaldandi þróun samvinnu THÍ og LSH hvað tannlækningar innan LSH varðar og skila tillögum þar að lútandi til forseta heilbrigðisvísindasviðs HÍ og forstjóra LSH. Sem dæmi um þróun slíkrar þjónustu má nefna, auk göngudeildarþjónustu vegna almennra tannlækninga, þjónustu við sjúklinga með langvarandi sjúkdóma er áhrif hafa á tannheilsu eða þar sem sjúkdómsmeðferð getur haft áhrif á tannheilsu, þjónustu við börn með fæðingargalla í munnholi, og þjónustu vegna áverka á tönnum eða kjálkum. Fyrstu tillögum skal skila innan 6 mánaða frá gildistöku samnings þessa.

Fagráðið skal funda að lágmarki annan hvern mánuð og gera forseta heilbrigðisvísindasviðs og forstjóra LSH grein fyrir starfi sínu með fundargerðum og öðrum gögnum eftir því sem við á.

→  
P. W.